Dagskrá Húnavöku 2012

Miðvikudagur 18. júlí

18:00 Bæjarbúar drífa sig út og skreyta bæinn sinn hátt og lágt.

Fimmtudagur 19. júlí

18:30 Húnavaka sett fyrir framan Hafíssetrið.
Umhverfisverðlaun Blönduósbæjar veitt.

18:40 Grill í gamla bænum við Kiljuna
Húnvetningar og gestir þeirra koma með sitt kjöt, sín borð og sína stóla, að ógleymdu góða skapinu. Við komum með grill og pöntum góða veðrið. Jafnframt koma allir með passlegan eftirrétt fyrir þann fjölda sem fylgir hverjum og einum.
Eftirréttirnir sem geta verið súkkulaðistykki, kexpakki, terta eða hvað sem er. Síðan allt sett á stórt eftirréttahlaðborð.
Eftir grillið verður boðið til veislu af stærsta eftirréttahlaðborði landsins.

20:30 Leikjakvöld í gamla bænum.
Takið með útileikföng, hér gildir að maður er manns gaman, allir mæta og leika sér, ungir sem gamlir.

22:00 Er ekki vinna á morgun? Segjum þetta gott í kvöld og höldum heim. Þeir sem eru í fríi geta notið þjónustu þeirra veitingastaða sem hafa opið.

Trúbadorarnir Trukkarnir verða á kaffihúsinu Við árbakkann eftir grillið á fimmtudagskvöldið.

Föstudagur 20. júlí

07:00 Bylgjulestin hrekkur í gang verður með innslög frá Blönduósi yfir daginn.

12.30-14.00 Töfranámskeið með Einari Töframanni í félagsheimilinu. Viltu læra að töfra eins og Harry Potter? Á námskeiðinu verða kennd undirstöðuatriði í töfrabrögðum og fá þátttakendur innsýn inn í hinn dularfulla heim töfrabragða. Kennd verða skemmtileg og spennandi töfrabrögð með spilum, teygjum og hugsanalestur. Börnin fá að sjá myndbönd með bestu töframönnum heims og kynnast bræðralagi töframanna þar sem allir eiga að bera virðingu hvor fyrir öðrum og einnig sverja þau töframannaeiðinn.
Lengd: 90 mínútur.
Verð: 1000 krónur.
Kennari: Einar Mikael töframaður.
Engin skráning, ekkert vesen, bara mæta!

13:00-18:00 Laser tag
Á tjaldstæðinu.

14:00-16:00 Skotsvæði Markviss verður opið og býðst almenningi að koma og kynnast skotíþróttinni af eigin raun án endurgjalds.

14:30-17:00 Stóri fyrirtækjadagurinn.
Fyrirtæki í bænum opna hús sín. Samkaup og SAH afurðir ætla að grilla fyrir utan Samkaup kl. 13-14.30, þar býður Vilko líka upp á ávexti með súkkulaðiídýfu. Í tjaldi verður haldi Ólsen-Ólsen mót fyrir krakkana. Léttitækni verður með opið hús kl. 14-17, Trésmiðjan Stígandi frá 13-16 og Vilko 14.30-17 þar sem hægt verður að kaupa vörur á verksmiðjuverði.

14:30 Leitin að týnda ísbirninum
Skemmtilegur ratleikur fyrir alla fjölskylduna. Leitin hefst við Hafíssetur en hvar hún endar er eitthvað sem er okkar að vita en ykkar að komast að. Vegleg verðlaun í boði.

17:00 Upplifun í Hrútey.
Söfn og setur opna gjörning í Hrútey.

18:00 Knattspyrnuleikur
Hvöt/Kormákur – Völsungur, toppbarátta 4. flokks karla.

21:00 Einar töframaður með einstaka 18+ sýningu í Félagsheimilinu á Blönduósi.

23:00-03:00 80´s diskó í Félagsheimilinu. 18 ára aldurstakmark.
DJ-arnir Rúnar og Víðir sjá um að koma allri bestu og dansvænustu 80's tónlistinn til skila. Nú mætum við í rétta dressinu.

Laugardagur 21. júlí

10:00 Opna Gámaþjónustugolfmótið á Vatnahverfisvelli. Punktakeppni með og án forgjafar. Verðlaun fyrir 3 efstu sætin í karla- og kvennaflokki án forgjafar. Forgjafarverðlaun fyrir 5 sæti í opnum flokki með forgjöf. Hámarksleikforgjöf karla og kvenna 36. Mótsgjald kr 3.000.- Ræst verður út á öllum teigum kl. 10:00. Skráning á www.golf.is og í síma 864-4846 (Jóhanna). Skráningu lýkur kl. 19:00 föstudaginn 20. júlí.

11:00 til 18:30 Stórviðburður á Húnavöku; „Heimsmeistaramót í Lomber" á Hótel Blönduósi.
Kvöldinu lýkur með kvöldverði og verðlaunaafhendingu. Þátttaka tilkynnist til Lárusar í síma 820 1300 og eða í póstfangið gladheimar@simnet.is. Þeir sem skrá sig fyrstir ganga fyrir en skráð verður meðan húsrúm leyfir.

11:00 Söngprufur fyrir Míkróhúninn við félagsheimilið. Athugið að prufurnar eru án undirleiks. Keppendur eru beðnir um að koma með hljómagang og texta laganna útprentað ef möguleiki er, til að flýta fyrir æfingum fram að keppninni sjálfri.

11:00 Blönduhlaup USAH. Skráning á usah@simnet.is eða í félagsheimilinu kl. 10. Nánari upplýsingar verða settar inn á Húnahornið. Vegalengdir fyrir alla fjölskylduna.

12:00 Fiskisúpukeppni í Kvennaskólanum
Heldurðu að þú eigir bestu fiskisúpu-uppskriftina? Þá er hér komið tilefni til að láta skera endanlega úr um það. Þekkingarsetrið ætlar að halda fiskisúpukeppni. Ef þú vilt taka þátt, matreiddu þá súpu heima og komdu svo

---

Uppfærða útgáfu dagskrárinnar verður alltaf að finna á www.huni.is og á Facebook-síðu Húnavöku.

Dagskrá Húnavöku 2012

með hana í potti til að láta meta hana. Verðlaun verða veitt fyrir bestu súpurnar.
Komið með súpurnar tilbúnar á milli kl. 11 og 12, dómarnir fara fram á milli kl. 12 og 13. Allir eru boðnir velkomnir að smakka súpurnar og greiða þeirri bestu sitt atkvæði.

12:00-18:00 Í gömlu kirkjunni verða sýningar á A-Húnvetnskri kvikmynd úr smiðju Sigursteins Guðmundssonar læknis.

13:00-18:00 Laser tag
Á tjaldstæðinu.

13:00-16:00 Bylgjulestin með útsendingu frá Blönduósi, Hemmi Gunn og Svansý í Ævintýraeyjunni.

13:00-16:00 Halla Jökulsdóttir, forhertur safnari,opnar einkasafn sitt í bílskúrnum við Húnabraut 11. Sjón er sögu ríkari.

14:00-17:00 Bókamarkaður í Héraðsbókasafninu.

13:00 Útimarkaður við Félagsheimilið.
Þeir sem vilja tryggja sér borð og bás, er bent á að senda póst á markvert@markvert.is.

14:00-16:00 Fjör við Félagsheimilið.
Einar töframaður kynnir og sýnir töfrabrögð.
Míkróhúnninn úrslit.
Ungir og efnilegir tónlistarmenn stíga á stokk.Verðlaunaafhending Blönduhlaupsins. Tískusýning og markaður frá Rauða krossi Íslands.

14:00-16:00 Skotsvæði Markviss verður opið og býðst almenningi að koma og kynnast skotíþróttinni af eigin raun án endurgjalds.

16.15 Flugukastkeppni við Laxasetrið
Fyrir 12 ára og eldri. Yngri börnin keppa í spennandi segulfiskaveiði.

21:00-23:00 Kvöldvaka í Fagrahvammi
Fjölbreytt skemmtiatriði og bakkasöngur.
Fram koma m.a. Jónsi og Alma Rut, sigurvegarar úr Míkróhúninum, Jói Óda, Ásdís Guðmunds úr Multi Musica og Einar töframaður sem kynnir og skemmtir. Eftir dagskránna brestur allt í bakkasöng.

23:00-03:00 Dansleikur í Félagsheimilinu - 16 ára aldurstakmark
- Hljómsveitin Í SVÖRTUM FÖTUM!
Forsala aðgöngumiða verður í anddyri félagsheimilisins kl. 15-16.

Sunnudagur 22. júlí

13:00 -16:00 Halla Jökulsdóttir, forhertur safnari, opnar einkasafn sitt í bílskúrnum við Húnabraut 11.

15:00 Þjóðbúningasýning í Heimilisiðnaðarsafninu í samstarfi við Heimilisiðnaðarfélag Íslands.Konur uppáklæddar í faldbúning (krókfaldur og spaðafaldur) einnig í 19. og 20. aldar peysufötum og upphlutum, í Skaut-búningi og kyrtli, munu spranga um safnið. Telpur og drengir sýna 19. og 20 aldar búninga og 19. aldar karlbúningur verður líka sýndur.
Oddný Kristjánsdóttir, klæðskeri og kennari í þjóðbúningasaum hjá Heimilisiðnaðarfélagi Íslands mun kynna búningana og stjórna herlegheitunum. Við hvetjum alla sem eiga íslenskan búning í hvaða mynd sem er að klæða sig uppá og sýna sig og sjá aðra.
Kaffi og kleinur innifalið í aðgangseyri.

14:00-16:00 Opið hús hjá Heilbrigðisstofnuninni á Blönduósi í tilefni Húnavöku. Á heilsugæslu verður boðið upp á blóðþrýstingsmælingar, börn geta komið með dúkkur og bangsa í skoðun og á fjórðu hæð verður boðið uppá kaffi og meðlæti. Aðstandendur eru sérstaklega boðnir velkomnir til að fá sér kaffisopa með ættingjum sínum. Sýndar verða myndir frá gamla tímanum. Lifandi músík og sitthvað fleira.

Alla dagana:

Minjastofur Kvennaskólans á Blönduósi verða opnar frá 13:00 - 18:00.
Vatnsdæla á refli í Kvennaskólanum verður opin frá 13:00 - 18:00.
Opið í Hafíssetrinu.
Opið í Laxasetrinu.
Opið í Heimilisiðnaðarsafninu.
Opið í Textílsetrinu.
Eyvindarstofa opin.
Upplifun í Hrútey.
Kaffihús, veitingastaðir, sundlaugin, sjoppan og bakaríið.

Uppfærða útgáfu dagskrárinnar verður alltaf að finna á www.huni.is og á Facebook-síðu Húnavöku.